



KJARVAL

Goða grillborgarar með brauði 4 stk.

499
kr./pk.

Tilboð vikunnar



900 grómm

Danpo
kjúklingabringur
1498
kr./pk.



20%
afsláttur
Sambands
hangilæri úrb.
2249
kr./kg



IM jólasild
749
kr./stk.



Coke light og zero 2 ltr
179
kr./stk.



Allra piparkökur og dropar
329
kr./stk.



Klementinur í kassa
798
kr./kassinn



Pipar-, Papriku-
og Mexikóostur
15%
afsláttur



Myllu heimilisbrauð 1/1
189
kr./stk.



Lambi WC pappír 12 rúllur
699
kr./pk.



Ariel þvottaefni, 2 teg.
1998
kr./pk.



HP blandari 500W
4990
kr./stk.

KJARVAL Klaustur: Sími: 487 4616 Víki: Sími: 487 1325 Hvolsvöllur: Sími: 585 7590 Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 Hella: Sími: 585-7585

SJÁ OPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum



Í Mýrdal og A-Eyjafjöllum
Minnum á jólasamveruna
4. desember kl. 15:00
Stjórnin

SMÁAUGLÝSINGAR

100 ára

Filipus Hannesson á Nípsstað
er 100 ára í dag 2. des.

Vitinn sendir honum innilegar
hamingjuóskir með merkan áfanga.
Sæunn og Eyþór

Þrónakaffihúsið
á Halldórskafti kl. 20:00
Síðasta samvera á þessu ári
3. desember.

Kvenfélag Hvammshrepps

Humm: Hvernig gengur
svo jólaundirbúningurinn?



Aslaug Einarsdóttir
Þjónustustjóri VÍS
verður til viðtals á skrifstofu
Skaftárhrepps þriðjudaginn 8. des.
frá kl. 13:00-15:30

Símar VÍS 487 1190
& 867 9750



47. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 2. DESEMBER 2009

JÓLAGOS Í AÐSIGI Á HÓTEL LAKA

5. desember - Lifandi tónlist
12. desember - Tónabræður
Borðhald hefst kl. 19:30



Matseðill:

Meðal forrétta leynist ýsukæfa, ásamt ýmsum gerðum af paté, laxi og síld. Ekki má gleyma hráa hangiketinu og ekki klikkar humarsúpan með nýbökuðu Lakabrauði.

Aðalréttir eru kofareykt hangiket, hamborgarahryggur, hunangsskinka, roastbeef, heitreyktur lax og fylltur kalkúnn. Með þessu bjóðum við brúnaðar og nýjar kartöflur, kartöflusufflé ásamt sætum kartöflum. Ekki má gleyma Waldorf-salatinu, því ferska og heimalöguðu rauðkáli.

Svo má sulla á þetta trönuberjasósu eða rjómalagaðri koníakssósu.

Ekki má gleyma eftirréttunum. Þar er boðið upp á fylltar súkkulaðiskeljar, heimalagaðan ís og jólalegar tertur að hætti Laka.

Barnahlaðborð:

Þar má finna úrval af bollum og sósum til að dýfa í. Innbakaðar kokteilypsur, grillaðir kjúklingaleggir, kartöflubátar og laukhringir. Einnig má þar finna ýmis konar grillpinna, ávaxtakörfur, súkkulaðibrunn og piparkökuhús. Með þessu drekkum við svo sérstakan jóladrykk.



Verð á mann kr. 5900.-
Börn í grunnskóla kr. 2000.-
Koma Grýla og Leppi í heimsókn?

Borðapantanir í síma 487 4694.

Samantekt vikuna 23. til 30.
nóvember 2009

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru bókuð 77 verkefni hjá lögreglunni á Hvolsvelli síðast liðna viku.

Tvö umferðaróhöpp voru í vikunni. Engin meiðsl urðu í þessum óhöppum.

Í vikunni voru aðilar staðnir að ólöglegum rjúpnaveiðum á fjórhjólum. Um utanvegaakstur var að ræða. Mál þeirra verður kært og fær venjulega meðferð.

Í vikunni voru 19 teknir fyrir að aka of hratt í umdæminu Hvolsvöllur, en sá sem hraðast ók var á 128 km hraða og hlaut 70.000.- króna sekt.

Tveir voru teknir grunaðir um að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Annar þessara ökumanna var að koma langa leið frá. Svo virðist sem hann hafi verið við drykkju á leið sinni undir stýri bifreiðarinnar.

Lögreglan kannaði í vikunni með ástand ökuljósna og voru afskipti höfð af ökumönnum þar sem ljósabúnaður var ekki í lagi á bifreiðum þeirra. Dæmi voru um að kerrur væru með öllu ljóslausar á ferðinni. Þetta er mjög alvarlegt ef ökumanni er kunnugt um ljósleysið og kerran jafnvel ekki tengd í rafmagn í myrkrinu.

Framundan eru mikil ferðalög milli landshluta og fólk mikið að fara í jólavarslun. Gott er að ætla sér góðan tíma, fara varlega nú þegar allra veðra er von og snjórinn farinn að láta sjá sig.

*Tekið saman af,
Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra*

Ég og dauðinn drukkum saman skál og dreyra og galli blandin var sú teiti. Ég spurði vinsamlega veistu hvað ég heiti það vissi hann og girntist mína sál.

Ög hann sagði það er dásamlegt að deyja og dökklituum heimi sjá að baki og eilíflega yfir þér ég vaki svo enga glímu frammar þarftu að heyja.

Mér fannst um stund það væri vinargreiði og vildi svífa yfir höfin rökkurblá svo kviknaði eitthvað sem kallast stundum þrá sem kynjagaldur burt hvarf allur leiði.

Ög birtan óx og brá á sérhvern stein á burtu hurfu sár og innanmein.

Höf: Valdimar Tómasson

Á DÖFINNI

Jólahlaðborð á Hótel Kirkjubæjarklaustri, laugardagskvöldin 5. og 12. desember

Á Hótel Lunda, laugardagskvöldið 12. des er opið í jólamatseðil:)

Á Hótel Laka: Jólahlaðborð 2009 laugardagskvöldin 5. og 12. des.

Þrjónakaffihúsið á Halldórskafti kl. 20:00 3. des.

Samherjar Minnum á jólasamveruna 4. desember kl. 15.

Opið hús (til sýnis) laugardaginn 5. des frá 14:00 til 15:00 einbýlishúsið að Sunnubraut 12 í Vík





Eigendur bifreiða með ökumæli takið eftir!!

Þriðjudaginn 1. des. hófst álestrartímabil af ökumælum bíla og tengivagna yfir 10 tonn að heildarþunga, og stendur yfir til þriðjudagsins 15. des.

Lesið verður af mælunum í áhaldahúsinu í Vík alla virka daga á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á hádegi.

Í Skaftárhrepp verður lesið af mælum föstudaginn 11. des.

Nánari upplýsingar veitir Vegagerðin í Vík í síma 522-1372

Vegagerðin

Fréttatilkynning

"Þriðjudaginn 8. desember heldur söngkonan Ragnheiður Gröndal tónleika í Víkurkirkju. Hún gaf nýverið út geisladisk sem ber nafnið "Tregagás". Diskurinn er sjálfstætt framhald plötunnar "Þjóðlög" sem kom út árið 2006 og inniheldur íslensk þjóðlög í spennandi útsetningum. Á tónleikunum mun Ragnheiður leika lög af hinum nýútkomna diskum ásamt öðru efni.

Með Ragnheiði leika Haukur Gröndal á klarínett, Guðmundur Pétursson á gítara, Birgir Baldursson og Matthías Hemstock á slagverk.

Tónleikarnir hefjast kl. 20:30 og er aðgangseyrir 1.500 kr."



Opið hús

Laugardaginn 5. des frá 14:00 til 15:00

Til sölu einbýlishúsið að Sunnubraut 12 í Vík.

Húsið er aðflutt frá Selfossi og hefur verið mikið endurnýjað og byggt við það 40 fm.

Húsið er samtals 154 fm og sex herbergi. Gólfefni, eldhús og baðherbergi er allt nýtt.

Húsið er virkilega skemmtilega hannað og nýtist vel.

Lóð er full frágengin.

Þetta er góður kostur fyrir fjárfesta, því húsinu getur fylgt góður leigusamningur.

Eigandi tekur á móti gestum og það verður heitt á könninni.

Verið velkomin, sjón er sögu ríkari ☺

Allar nánari upplýsingar veitir Kristján í síma 899-5300.

Íþróttamaður Skaftárhrepps 2009

Æskulýðs- og íþróttanefnd Skaftárhrepps óskar eftir tilnefningum um íþróttamann Skaftárhrepps fyrir árið 2009. Skilyrði er að viðkomandi eigi lögheimili í Skaftárhreppi og sé orðinn a.m.k. 16 ára á árinu. Með tilnefningunni skal fylgja greinargerð um árangur íþróttamannsins á árinu og hvar einstaklingurinn var við æfingar.

Tilnefningum skal skila til Þorsteins M. Kristinssonar, formanns æskulýðs- og íþróttanefndar, eigi síðar en 15. desember, á netfangið **thorstkr@ismennt.is**. Einnig má fá upplýsingar í síma **897 7944**.

Æskulýðs- og íþróttanefnd Skaftárhrepps

Aðventan - nær barninu

Aðventa: Búðarráp, ljósadýrð. Veisluborð. Streita. Eftirvænting. Þessi orð koma upp í hugann þegar aðventan er á næsta leiti. Og þó er maður minntur á hana löngu fyrr með ótímabærum jólaskeytingum í búðargluggum og auglýsingum. Ofan í kaupíð sáu norskir jólasveinar ástæðu til að mótmæla þjófstarti adventunnar. Og hvers vegna þá aðventa?

Í kristinni er aðventan tími undirbúnings, tími þegar við reynum að kyrra hugann og koma okkur í "andlega þjálfun" fyrir jólin. Jólafastan er annað nafn á þessum tíma. Mennt föstuðu til að kyrra hugann og vera með réttu hugarfari þegar hátíðin gekk í garð.

Nú á adventu er ef til vill hin "andlega þjálfun" fólgin í því að beina sjónum að barninu og verndun bernskunnar. Jólin eru hvort sem er tími barnsins, tími þeirrar þverstæðu að Leynardómur tilverunnar var kominn í mynd mansbarns. Kannski undirbúum við komu jólaanna hvað best

með því að hlúa að börnunum okkar, gera þau að manneskjum.

Maðurinn er dýr sagði Matthías Johannessen skáld einu sinni. Það er þunnt þilið milli manneskjunnar og óargadýrsins, milli siðmenningarinnar og barbarísins. Hvað börnin okkar áhrærir heita skilin milli manneskju og ómennsku uppeldi. Gamlt orð um uppeldi er siðun.

Notum adventuna til að undirbúa hátíð barnsins með því að vera börnum okkar nær. Kennum þeim að greina gott frá illu, ljós frá myrkri og leiðum þau þannig inn í helgi manneskjunnar – helgi jólaanna.

Hugleiðingin er eftir Halldór Reynisson en hann er verkefnisstjóri fræðslumála á Biskupsstofu. Áður starfaði hann meðal annars sem prestur í Neskirkju og í Hruna. Hugleiðingin er fengin af tru.is



Kirkjuskólinn í Mýrdal

Jólasamvera kirkjuskólans í Mýrdal verður í Víkurkirkju næsta laugardag, 5. desember, kl. 11:15.

Athugið að þetta er síðasta samveran fyrir jóla að þessu sinni.

Hlakka til að hitta ykkur öll í kirkjunni.

Sóknarprestur



Jóla kort



Er að selja jóla kort fyrir styrktarfélag krabbameinssjúkra barna

Ragnhildur í síma 487 1256



Samkvæmt samstarfssamningi

sem Mýrdalshreppur gerði við Björgunarsveitina Víkverja, tekur Víkverji að sér snjómokstur gangbrauta frá íbúðarhúsum eldri borgara og öryrkja í Vík.

Gert er ráð fyrir mokstri frá anddyri að götu og eftir atvikum frá sorpláti.

Þeir sem áhuga hafa á að nýta sér þessa þjónustu hafi samband við skrifstofu Mýrdalshrepps á opnunartíma í síma 487 1210.

Sveitarstjóri



Afmæli.

Föstudaginn 4. desember n.k. verður Gunnar kennari sextugur.

Af því tilefni býður hann vinum og kunningjum að koma í morgunkaffi frá kl. 7:00 til 9:00 heim til okkar að Sigtúni 3 á afmælisdaginn.

Áslaug og Siggi

Íbúafundur í Vík mánudaginn 30.nóvember 2009.

Par kom fram:

Að yfirgnæfandi fjöldi heimamanna er andvígur friðun!!!

Að hvönnin er mikilvæg fyrir brekkubobbann en bobbinn hefur verið í aldaradír í hrapinu en hvönnin ekki að ráði fyrr en síðustu 30.árin eftir að fjárbeit var hætt. Er ekki e-ð misræmi hér?

Að músin éti ekki brekkubobbann svo hann telst ekki mikilvægur fyrir hana.

Að fara þurfi fram fuglatalning í Dyrhólaey næsta vor til að hægt verði að opna!!

Að svæði á náttúruminjaskrá hefur ekkert verndargildi og það eina sem er öðru vísi við þau svæði er að ríkið hefur forkaupsrétt á þeim. Að tala um Dyrhólaós sem friðað svæði og áhrifasvæði óssins sem e-ð sem ekki má snerta er því út í hött.

Að friðun hefur jákvæð áhrif á ferðaþjónustu. Þó virðist enginn ferðaþjónustuaðili, utan tjaldsvæðiseigandann í Vík, sjá möguleika í þessu efni. Ekki er hægt að segja að friðun Dyrhólaeyjar hafi haft jákvæð áhrif á þessa starfsgrein. Dyrhólaey er okkar Gullfoss og verðskuldar að hún sé meðhöndluð þannig.

Að friða beri bobbann þó svo engar ógnir steðji að. Okkur er sem sagt ekki treystandi fyrir að verja náttúruna sjálf heldur þurfum einhvern herra settan til að hafa vit fyrir okkur.

Að Dyrhólaey sé svo gamalt mál að allt önnur lög mál gilda um friðlýsingar sem nú taka gildi. Samt hefur lögum sem finna má á vef umhverfisstofnunar um friðlýsingar ekki verið fylgt í þessu máli og skýringin er sú að þau eru enn að þróa vinnureglurnar!

Að heimamenn eru mjög ósáttir við hvernig þeirra hugmyndir um Dyrhólaey

hafa verið hundsáðar gjörsamlega í áratugi. Enginn samstarfsvilji hefur verið af hálfu umhverfisyfirvalda í því máli. Samt fara sömu yfirvöld fram á aðra friðlýsingu nú án þess að ætla sér að koma til móts við óskir okkar um Dyrhóley. Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag sem ekkert hefur verið unnið að.

Að sátt og samstaða þurfi að ríkja um friðlýsingar og friðlýsing má ekki vera minnisvarði um deilur.

Óðinn Gíslason og Æsa Gísladóttir

Vinir

Vinaböndin voru sterk, vandi er líkt að finna. Aldrei brugðust okkar verk, æsku vona minna

Æskan flýgur okkur frá, eins og tímans straumur. Bak við árin birtist þá, bernsku leikja gláumur.

Lífs við elda lukku spil, langir dagar þráðir. Um að skilja ættum við, alltaf vissum báðir.

Þó var aldrei um það rætt, eins og mætti skilja. Minningarnar best fá bætt, brot af okkar vilja.

Höf: Bergdís



FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

451. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 19. nóvember 2009 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Að tillögu B-lista leggur oddviti til að bætt verði á dagskrá umfjöllun um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013 undir lið III-11. Samþykkt.

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 5. nóvember 2009.

Fundargerðin samþykkt.

2. Fundargerð 163. fundar fræðslunefndar frá 17. nóvember 2009.

Á fundinum var m.a. fjallað um bréf Fjölbautaskóla Suðurlands þar sem upplýst um ákvörðun menntamálaráðherra að fjárveiting til framhaldsskóla til kennslu grunnskólanemenda sem eru í framhaldsskóla-áföngum falli niður frá næstu áramótum. Eftirfarandi bókun var gerð:

"Fræðslunefnd mótmælir ákvörðun menntamálaráðherra um að fella niður fjárveitingu til þessa verkefnis og telur að hún sé til þess fallinn að auka enn misrétti milli hétbýlis og dreifbýlis auk þess sem hún sé ekki samræmi í við 26. gr. grunnskólalaga sem segir að grunnskólanemendur eigi rétt til að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru enn í grunnskóla."

Á fundinum var einnig fjallað um tillögur um nafn á hinn nýja sameinaða leik-, grunn- og tónskóla. Fyrir valinu varð nafnið Víkurskóli sem byggir á 109 ára hefð.

Sveitarstjórn tekur undir ofangreinda bókun fræðslunefndar og samþykkir fundargerðina.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Engin innsend erindi liggja fyrir.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Refaveiðar - bréf Umhverfisstofnunar dags. 5. nóvember 2009.

Með bréfinu er vakin athygli á að í frumvarpi til fjárlaga 2010 er ekki gert ráð fyrir fjárumunum til endurgreiðslu vegna refaveiða.

Kostnaður við minka- og refaveiðar í Mýrdalshreppi hefur verið á bilinu 500 - 1100 þúsund kr. ár hvert á síðastliðnum árum og endurgreiðsla ríkisins 160-350 þúsund kr., að langmestu leyti vegna refaveiða.

Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að refastofninum verði haldið í skefjum til verndunar sauðfé og fuglalífi og krefst þess að umhverfisráðherra leggi mótframlag til verkefnisins líkt og heimild er til í lögum nr. 64/1994.

2. Framhaldsnám í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslum. Í bréfi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, SASS til menntamálaráðherra er kynnt ályktun Ársþings SASS þar sem hvatt er til að átak verði gert í að efla staðbundið framhaldsnám í Rangárvalla- og Skaftafellssýslu og kannaðir verði möguleikar á útbúi frá framhaldsskólum á Suðurlandi.

Í bréfi Fjölbautaskóla Suðurlands, FSu til menntamálaráðherra er gerð grein fyrir samþykkt skólanefndar um að þess verði farið á leit við menntamálaráðherra að hann hlutist til að komið verði á stofn útbúi frá FSu í Rangárbíngi.

Sveitarstjórn tekur undir fram komin sjónarmið um að efla staðbundið framhaldsnám á þéttbýllisstöðum á Suðurlandi og þá gjarna í tengslum við grunnskólana.

3. Persónukjör við Alþingiskosningar - erindi Allsherjarnefndar Alþingis dags. 10. nóv. 2009. Lagt fram til kynningar.

4. Stjórnsýslukæra - bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 20. október og 4. nóvember 2009.

Fyrir liggja bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 20. október, 4. nóvember og 16. nóvember 2009, athugasemdir kæranda dags. 3. nóvember og viðbótarathugasemdir sveitarstjóra dags. 12. nóvember 2009.

Fram kemur í bréfi ráðuneytisins dags. 16. nóvember 2009 að úrskurðar sé að vænta frá ráðuneytinu um mánaðarmótin janúar/febrúar 2010.

5. Fjárhagsáætlun 2010, fyrri umræða.

Sveinn gerir grein fyrir drögum að fjárhagsáætlun sem lögð eru fram til fyrri umræðu og leggur til að sveitarstjórn komi til vinnufundar eftir 2 vikur.

Fjárhagsáætlun vísað til síðari umræðu.

6. Björgunarsveitin Víkverji 40 ára.

Fyrir liggja drög að samstarfssamningi milli Björgunarsveitarinnar Víkverja og Mýrdals- hrepps til 3 ára.

Sveitarstjóra heimilað að undirrita samninginn.

Sveinn leggur til að í telfni 40 ára afmælisins verði Víkverja afhentar til eignar 3 snjóflóðaýlur sem til eru á skrifstofu sveitarfélagsins. Samþykkt.

7. Sjóvörn við Vík.

Fyrir liggur bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 16. nóvember 2009 þar sem fram kemur að ráðuneytinu sé kunnugt um stöðu sjóvarnamála við Vík og hafi skilning á að úr þurfi að bæta. Einnig að reynt hafi verið að afla fjármagns til að standa straum af endurbótum sem til þarf en það ekki tekist enn sem komið er. Unnið sé áfram að lausn málsins.

Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.

Gert er ráð fyrir að samgöngunefnd Alþingis komi til Víkur á næstu vikum til að kynna sér aðstæður.

8. Atvinnumál.

a) Boðaður niðurskurður á þjónustu ríkisins.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps mótmælir áformum ríkisvaldsins um niðurskurð á þjónustu hins opinbera á landsbyggðinni svo sem fækkun embætta sýslumanna og lögreglustjóra og skerðingu á grunnþáttum heilbrigðisþjónustu s.s. sjúkraflutningnum. Landsbyggðin naut í litlum mæli góðæris undanfarinna ára og störfum á vegum ríkis og fyrrum ríkisfyrirtækja fækkaði í Mýrdalshreppi á þeim árum. Nú hefur ríkisbankinn Nýja-Kaupþing tilkynnt um fækkun um 2,6 stöðugildi í V-Skaftafellssýslu og Vegagerðin dregið saman þjónustu sína sem kemur niður á störfum í Vík. Áform um niðurlagningu sýslumannsembættis í Vík eru með öllu óásættanleg og þjónusta á heilbrigðissviði er nú þegar í lágmarki.

b) Afhendingaröryggi raforku.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps krefst þess að Rarik ohf. bæti nú þegar afhendingaröryggi raforku til Mýrdæla en sífelldar rafmagnstrufl- anir, stundum oft á dag, koma sér afar illa fyrir heimili og fyrirtæki og valda auk þess tíðum bilunum á raf- og tölvubúnaði með tilheyrandi kostnaði.

c) Kötluasetur

Sveitarstjórn samþykkir að ráða Gísla Sverri Árnason hjá R3 Ráðgjöf ehf. til að draga saman möguleika samfara stofnun Kötluaseturs í Vík og gera tillögu um verklag. Gert er ráð fyrir að Gísl Sverrir skili greinargerð fyrir jól og kynni á fundi í Vík.

d) Skaftfellingsbúð.

Sveinn gerir grein fyrir niðurstöðum tilboða í endurnýjun þaks og veggja. Fjögur tilboð bárust á bilinu 10,4 - 12,1 millj. kr. eða 12,8-13,8 millj. kr. miðað við leiðrétta magnskrá. Tvö frávikstil- boð bárust upp á 10,0 og 13,5 millj. kr. Í fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir 8,7 millj. kr. til verksins, þar af styrkur Alþingis 3,5 millj. kr.

Sveinn leggur til að öllum tilboðum verði hafnað og handhafa lægra frávikstilboðsins verði gefinn kostur á að standa við tilboð sitt þó þannig að burðarþoli sé fullnægt. Að öðrum kosti verði verkið boðið út aftur í minni áföngum þannig að það samræmist fjárhags- áætlun og með bárujármsklæðningu eins og frávikstilboðið gerði ráð fyrir. Samþykkt.

e) Annað.

Sveitarstjórn hvetur íbúa og fyrirtæki til að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja á svæðinu eftir því sem unnt er og standa þannig vörð um atvinnurekstur í sveitarfélaginu.

9. Leik-, grunn- og tónskóli - greining á hús- næðisþörf - skipun í vinnuhóp.

Í samræmi við bókun á fundi sveitarstjórnar 18. mars sl. leggur D-listinn til að skipaður verði þriggja manna vinnuhópur til að greina hús- næðisþörf Víkurskóla í samráði við starfsfólk.

Samþykkt að skipa Magnús Sæmundsson skólastjóra, Þráin Sigurðsson og Svein Þórðarson sem verði formaður hópsins.

10. Frá fyrri fundum - Ketilsstaðaskóli.

Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar 17.

sept. sl. boðaði sveitarstjóri forsvarsmenn félaga í gamla Dyrhólahreppi til fundar um málefni Ketilsstaðaskóla með hliðsjón af fyrirbyggjandi erindum. Sá fundur var haldinn 19. október. Þar ákváðu forsvarsmenn að boða sameiginlega almennan félagsfund sem haldinn var 18. nóvember.

Sveitarstjórn er sammála um að fela sveitarstjóra að undirbúa sölu á Ketils- staðaskóla í samvinnu við mennta- málaráðuneytið.

11. Tillaga til þingsályktunar um náttúru- verndaráætlun 2009-2013.

Tillagan hefur verið lög fyrir Alþingi í þriðja sinni.

Umhverfisnefnd Alþingis óskar eftir umsögn um tillögum með tölvubréfi sem barst fyrr í dag 19. nóvember.

Umræðu frestað til aukafundar 26. nóvember kl. 20:00.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 23. fundar félagsmálanefndar frá 21. október 2009.

2. Fundargerð 427. fundar stjórnar SASS frá 25. september 2009.

3. Fundargerð 428. fundar stjórnar SASS frá 14. október 2009.

4. Fundargerð 429. fundar stjórnar SASS frá 13. nóvember 2009.

5. Fundargerð 288. fundar stjórnar AFS frá 4. nóvember 2009.

6. Fundargerð 122. fundar HES frá 14. október 2009.

7. Fundargerð 117. fundar stjórnar SKS frá 14. október 2009.

8. Fundargerð 40. aðalfundar SASS frá 15. og 16. október 2009.

9. Fundargerð 4. aðalfundar SKS frá 15. október 2009.

10. Fundargerð 4. aðalfundar HES frá 15. október 2009.

11. Fundargerð Almannavarnanefndar frá 9. nóvember 2009.

12. Fundargerð samstarfshóps sveitarfélaga austan Þjórásar frá 4. nóvember 2009.

13. Fundargerð 38. fundar barnaverndar- nefndar frá 30. september 2009.

V. Annað kynningarefni

1. Bréf Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 23. október 2009.

2. Bréf LEX dags. 21. október 2009.

3. Bréf Sorpu og Sorpstöðvar Suðurlands dags. 28. október 2009.

4. Ungt fólk 2009 - bréf Rannsóknna og greiningar.

5. Bréf Samgönguráðuneytis dags. 26. október 2009 varðandi tekjujöfnunarframlag.

6. Bréf Samgönguráðuneytis dags. 26. október 2009 varðandi úthlutun aukaframlags.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30

Þórhildur Jónsóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einarsdóttir, Karl Pálmason, Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

Jólabrandarar

Dómarinn var heldur pirraður þegar hann var kallaður til dóms á aðfangadag, og spurði sak- borninginn harkalega: "Hvað ert þú ákærður fyrir?"

"Fyrir að gera jólainnkaupin snemma." svaraði sakborningurinn.

"Það er nú ekki refsivert," sagði dómarinn; "hversu snemma gerðir þú þau?"

"Áður en búðirnar opnuðu!"

Af hvaða þjóðerni er jólasveinnin?
Norð-Pólskur!!

Læknir, læknir!! Ég held alltaf að ég sé jóla- bjalla!

Jæja, taktu þessar pillur og ef það virkar ekki, skaltu bara hringja!!

Hvað er líkt með jólatré og lélegri sauma- manneskju?

Þau missa bæði nálarnar

Jólasveinninn: Hver er munurinn á póstkassa og kengúru?

Álfurinn: Ég gefst upp. Hvað?

Jólasveinninn: Ef þú veist það ekki, minntu mig á að láta þig aldrei fara með bréf í póst!